



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2679
komudagur 4.6.2010

Reykjavík 3. júní 2010

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum 557. mál, þskj. 947.

Okkar trú er að breytingarnar styrki stöðu barna gagnvart líkamlegu ofbeldi. Þessar breytingar leggja meiri skyldur á úrræðaraðila að vanda sig í allri vinnslu meðferðar og utanumhalds. Breytingarnar hafa í för með sér aukið eftirlit með úrræðaraðilum. Breytingarnar taka á breyttri samsetningu innflytjanda og menningu þeirra varðandi uppeldi barna.

Ánægjulegt er að andlegt ofbeldi er sett inn í lögin, sem vanvirðandi háttsemi og má flokka einelti og hópprýsting þar undir. Það er okkar trú að betur megi vinna með þá málaflokka, með því að kenna meira í félagslegu starfi með börnum.

Það er okkur ánægja að fjalla um þetta frumvarp þar sem IOGT og Barnahreyfing IOGT (IOGT-B) vinnur að jöfnum réttindum allra, óháð kyni, litarhætti og trúar- eða stjórnmálalegum skoðunum. IOGT-B vinnur að því að auka skilning barna og unglunga á kostum heilbrigðra lífshátta án fíkniefna. IOGT-B styður réttláta skiptingu auðlinda heimsins. IOGT-B vill vinna að því að deilur milli fólks séu leystar án þess að vopnum eða ofbeldi sé beitt. Markmið okkar er að fólk um allan heim njóti tilgangsríks lífs og frelsis.

Mælt skal eindregið með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllst
f.h. Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi

Aðalsteinn Gunnarsson
Framkvæmdastjóri